

**Fundargerð 34. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
30. október 2019 , kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Suðurnesjabær - fjárhagsáætlun 2020 - 1907045

Afgreiðsla:

Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir drög að fjárhagsáætlun. Jafnframt lágu fyrir drög að þjónustugjaldskrá og starfsáætlun skipulags-og umhverfissviðs fyrir árið 2020.

Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun 2020-2023, ásamt drögum að þjónustugjaldskrá til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Lagt er til við bæjarstjórn að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt frá fyrra ári eða 14.52%.

2. Lög og reglugerðir til umsagnar - 1902075

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.

Afgreiðsla:

Bæjarráð Suðurnesjabæjar fagnar því að komin sé fram stefnumótandi áætlun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í málefnum sveitarfélaga. Slík áætlun er mikilvæg til að styrkja sveitarstjórnarstigið enn frekar til að takast á við krefjandi verkefni í nærþjónustu og veita íbúum þá þjónustu sem nauðsynleg er. Bæjarráð telur mikilvægt að áætlunin sé unnin í samstarfi við sveitarfélögin á landinu líkt og gert hefur verið og það samráð haldi áfram við framkvæmd verkefna. Þá ítrekar bæjarráð fyrri ábendingar sínar um mikilvægi þess að nægt fjármagn sé tryggt til að styðja við sameiningar sveitarfélaga, en reynsla Suðurnesjabæjar er að slík verkefni séu mun kostnaðarsamari en fyrirfram megi ætla. Þá er mikilvægt að tekjustofnar sveitarfélaga séu styrktir þannig að þau geti staðið undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað. Bæjarráð hvetur til þess að sú vinna sem stendur yfir við endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga verði leidd til lykta hið fyrsta.

3. Nefndir og ráð:kjörnir fulltrúar: þóknun kjörinna fulltrúa og nefndarlaun - 1806809

Þóknanir til áheyrnafulltrúa og hagsmunaaðila sem boðaðir eru á fund.

Afgreiðsla:

Bæjarstjóra er falið að vinna málið áfram og leggja fyrir uppfærða samþykkt um

starfskjör kjörinna fulltrúa, fulltrúa í fagraðum og vinnuhópum sem skipaðir eru af bæjarráði og bæjarstjórn.

4. Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun 2018-2022 - 1903067

Drög að jafnréttisáætlun.

Afgreiðsla:

Drög að jafnréttisáætlun samþykkt og verður send Jafnréttisstofu til umsaganar.

5. Jafnlaunavottun innleiðing - 1908032

Drög að jafnlaunastefnu.

Afgreiðsla:

Drög að jafnlaunastefnu samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. Knattspyrnufélagið Víðir, knattspyrnudeild Reynis - ósk um viðbót á samningi - 1909060

Minnisblað vegna erindis dags. 12.09.2019, frá 32. fundi bæjarráðs.

Afgreiðsla:

Tillögum sem tilgreindar eru í minnisblaði er vísað til fjárhagsáætlunar 2020 og gerðar samstarfssamninga.

7. Samstarfssamningar félagasamtök - 1901039

Minnisblað frá deildarstjóra frístundamála.

Afgreiðsla:

Minnisblaðið lagt fram og vísað til úrvinnslu deildarstjóra frístundamála og til umfjöllunar í íþrótt- og tómstundaráði. Bæjarráð telur rétt að samningi við Golfklúbb Suðurnesja sé sagt upp í samræmi við 8. gr. hans.

8. Lionsklúbbur Sandgerðis - jólahátíð eldri borgara í Suðurnesjabæ - ósk um styrk - 1910078

Erindi dags. 9. október 2019.

Afgreiðsla:

Samþykkt að verða við erindinu og bæjarstjóra falið að ganga frá samkomulagi um málið.

9. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019-2020 - 1910088

Auglýsing frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um umsóknir um byggðakvóta.

Afgreiðsla:

Samþykkt að sækja um byggðakvóta fyrir byggðarlögin Garð og Sandgerði.

10. Staða í samningamálum - 1907016

Ályktun 5 stéttarfélaga í Suðurkjördæmi.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

11. Fundarboð - aðalfundur Reykjanes jarðvangs ses - 1910091

Aðalfundur Reykjanes jarðvangs 28. október 2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

12. The working Conditions of Tomorrow - nýjar áskoranir á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi - 1910072

Norræn ráðstefna á Grand Hótel, 7. nóvember 2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

13. Verndarsvæði í byggð - Útgarður - 1812063

Tillaga um verndarsvæði í byggð var til umfjöllunar á 14. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs þann 17.10.2019. Ráðið samþykkti að leggja til að tillagan verði auglýst.

Afgreiðsla:

Samþykkt að heimila að tillaga um verndarsvæði í byggð, Útgarður, fari í auglýsinga- og kynningarferli hið fyrsta. Þannig er þeim aðilum sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að kynna sér efni skýrslu tillögunnar, ásamt húsakönnun og fornleifaskráningu og koma með ábendingar og athugasemdir.

Fundi slitið kl. 19:45.

34. fundur bæjarráðs
31.10.2019

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir
